

Ed.

175. Frumvarp til laga

[76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. des.)

1. gr.

A-liður 25. gr. laganna (sbr. 9. gr. 1. nr. 11/1975) orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi:

Af fyrstu 615 350 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 246 150 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 861 500 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.

2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara:

Af fyrstu 861 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 369 230 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 1 230 730 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

2. gr.

26. gr. laganna (sbr. 2. gr. 1. nr. 32/1977) orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:

Af fyrstu 8 000 000 kr. skattsgjaldseign einstaklinga og fyrstu 12 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.8%.

2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0.8% af skattgjaldseign.

3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.

3. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. og orðist svo:

Skattyfirvöldum er þrátt fyrir ákvæði 49. gr. laga þessara heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Koma ákvæði 1. gr. til framkvæmda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1976, en ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1977.